

**Ed.** **121. Frumvarp til laga** [61. mál]

um breyting á lögum nr. 6/1971, um Hótel- og veitingaskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. des.)

**1. gr.**

2. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Ráðherra skipar sjö manna skólanefnd með þessum hætti: Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, einn eftir tilnefningu Félags framreiðslumanna, einn eftir tilnefningu Félags matreiðslumanna, einn eftir tilnefningu Mat-sveinafélags Sjómannasambands Íslands, tveir eftir tilnefningu nemenda í Hótel- og veitingaskóla Íslands úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður skólanefndar skal skipaður án tilnefningar. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans og fjárreiður hans.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.